

Nefndarsvið skrifstofu Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/2124
komudagur 7.5.2012

Reykjavík, 7. maí 2012

**Efni: Umsögn RARIK ohf. um tillögu til þingsályktunar um:
Áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða, 727. mál, þingskjal 1165**

RARIK vísar til fyrri umsagnar um tillögu til þingsályktunar um vernd og orkunýtingu landssvæða, frá 2. nóvember 2011. Jafnframt vísar RARIK til umsagnar Orkusölnunnar ehf. dags. 7. maí 2012, sem send hefur verið til Atvinnuveganefndar.

RARIK telur ekki ástæðu til að rekja athugasemdir við röðun einstakra orkukosta, en vísar til ofnagreindra umsagna. Jafnframt bendir RARIK á að þrátt fyrir að þeir orkukostir sem fyrirtækið hefur unnið að á undanförunum árum hafi sumir lent aftarlega í röðun verkefnisstjórnar um rammaáætlun, þá hafi fyrirtækið vonast til að sú vinna gæti orðið til þess að ná sátt milli ólíkra skoðana um framkvæmdir við orkuöflun og undirbúning virkjana í landinu. Að mati RARIK var vinna við rammaáætlun grundvallarforsenda þess að ná sátt um þennan málaflokk.

RARIK lýsir yfir vonbrigðum með að í þingsályktunartillögunni sé ekki gert ráð fyrir að nota hið faglega ferli og hina miklu vinnu faghópa og verkefnisstjórnar um rammaáætlun við röðun á virkjanakostum, til að skapa grundvöll fyrir slíkri sátt.

Virðingarfyllst,

Tryggvi Þór Haraldsson, forstjóri